Hringsjá endurhæfing

Námsáætlun

Kennari:	**Gunnar Þ Möller**
Áfangi/fag:	**STÆR2HS05**

Stutt lýsing

Hagnýt stærðfræði. Farið verður í verslunarreikning (jöfnur, hlutfalla-, prósentu og vaxtareikning og verðtryggingu) og grunnþætti í tölfræði(tíðni, gröf, miðsækni, dreifingu og líkindareikning). Nemendur læra að nota töflureikning og úrvinnslu gagna.

Undanfari

Nemendur skulu hafa lokið áfanganum **STÆR1FO00** eða sambærilegum áfanga. Heimilt er að víkja frá þessari kröfu ef kennari metur nemanda nægilega undirbúinn til að hefja námið í áfanganum.

Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- lausn og einföldun fyrsta stigs jafna,
- grunnaðgerðum í verslunarreikningi,
- framsetningu gagna í tíðnitöflum og myndrænni framsetningu þeirra,
- helstu mælikvörðum til að lýsa dreifingu og miðsækni gagna,
- grundvallarhugtökum líkindareiknings og útreikningi einfaldra líkinda.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að**:**

- reikna hlutföll, vexti og vaxtavexti,
- vinna með gögn í töflureikni,
- setja fram gögn í töflum og myndritum með hjálp töflureiknis,
- reikna og túlka mælikvarða á miðsækni og dreifingu gagna,
- nota stafrænar lausnir til að vinna úr og greina töluleg gögn.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- leysa stærðfræðileg viðfangsefni sem tengjast daglegu lífi,
- túlka og greina tölfræðileg gögn sem birtast meðal annars í fjölmiðlum og samfélaginu,
- meta upplýsingar á gagnrýninn hátt út frá tölulegum gögnum og framsetningu þeirra,
- beita aðferðum áfangans við ný og fjölbreytt viðfangsefni í frekara námi,
- miðla niðurstöðum útreikninga og gagnagreiningar með skýrum hætti.

Námsgögn (bækur, tímarit, vefsíður o.fl.)

Kennsla byggir á námsbókunum Stærðfræði 112: Tölfræði og líkindareikningur og Vaxtareikningur, sem Hringsjá úthlutar nemendum. Við kennslu í töflureikni er stuðst við vefbókina Hagnýta stærðfræði eftir Helmut Hinrichsen og Jónu Guðmundsdóttur, auk annars kennsluefnis sem kennari leggur til eftir þörfum.

Námsmat

- **Próf**: 80% (4 próf, hvert gildir 20%)
- **Vinnumat**: 20% (mæting, virkni og ástundun í tímum)

Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur vinna að mestu leyti sjálfstætt í tímum með innlögnum og leiðsögn frá kennara.

Skilyrði til að standast áfangann:
Nemendur þurfa að ná að lágmarki 4,5 í meðaleinkunn úr prófunum til að standast áfangann. Tvö próf eru lögð fyrir úr hvorri bók.

Áætlun:
Til að fá áfanga metin til eininga þarf nemandi að klára eftirfarandi:

Röð verkefna	Námsefni - viðfangsefni	Kaflar/verkefni	Athugasemdir/vægi matshluta

Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar